

Norðurorka hf.
Ársreikningur 2021

Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

kt. 550978-0169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2021 námu kr. 3.660 millj. en voru kr. 3.362 millj. árið 2020 og hafa hækkað um 8,8% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 546 millj. í samanburði við kr. 207 millj. hagnað árið 2020. Rekstrarreikningur ársins sýnir að annar rekstrarkostnaður lækkar sem m.a. skýrist af kostnaði vegna orkugjafa. Mikilvægt er að tekjur aukist áfram í takt við kostnað og fjárfestingar.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 1.112 millj. á árinu 2021. Áætlanir gera á ný ráð fyrir aukinni uppbyggingu í innviðum hitaveitukerfa í ljósi vísbendinga um að jarðhitakerfið við Hjalteyri sé fullnýtt. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa og auknum rannsóknum á jarðhitaauðlindum. Mikilvægt er einnig að athyglin beinist í auknum mæli að viðhaldsáætlunum veitukerfa í ljósi hækkanði aldurs þeirra.

Á árinu 2021 voru tekin ný langtímalán með „grænni“ fjármögnun að fjárhæð kr. 600 millj. sem að mestu voru nýtt í fjárfestingar fyrir hitaveitu og fráveitu. Rekstrarreikningurinn ber með sér að fjármagnskostnaður þyngist hjá félaginu í takt við auknar lántökur en gengismunur var félaginu jákvæður á árinu.

Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam kr. 12.810 millj. samkvæmt efnahagsreikningi. Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2021 var 69,0 (2020: 70,6). Meðal starfsmanna er hlutfall kvenna 32% og karla 68%. Jafnt hlutfall kynja myndar framkvæmdaráð félagsins og á millistjórnendastigi er hlutfall kvenna 17%. Í stjórn félagsins er hlutfall kvenna 60% og karla 40%.

Hlutfé í árslok nam 847 milljónum kr. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Eignarhlutur
Akureyrabær	98,27%
Hörgársveit	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	0,45%
Grýtubakkahreppur	0,18%
Þingeyjarsveit	0,18%
Eyjafjarðarsveit	0,12%
	100,00%

Framtíðaráform og óvissuþættir í ytra umhverfi

Kórónaveiran covid-19 hefur ekki haft áhrif á tekjur félagsins sem hafa vaxið milli ára og þær sóttvarnaraðgerðir sem félagið hefur gripið til hafa ekki valdið verulegum kostnaðarauka fyrir félagið.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2022, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 25. mars 2022.

Stjórn

Gunnbjörg E. Jónsdóttir
Eva Helms Einarsson

Hanna Jónsdóttir
Trindbjörg Jónsdóttir
Eva Helms Einarsson

Forstjóri

Ólafur Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Norðurorku hf. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 23. mars 2021 og er án fyrirvara.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 25. mars 2022

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Sala	3	3.659.715	3.362.174
Rekstrargjöld			
Orkuflutningar		271.851	252.684
Laun og launatengd gjöld	4	696.267	688.395
Annar rekstrarkostnaður		1.059.228	1.066.810
Afskriftir	8	814.159	771.107
		<u>2.841.504</u>	<u>2.778.997</u>
Rekstrarhagnaður		818.210	583.177
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	(341.976)	(414.108)
Áhrif dótturfélags	9	75.321	(2.660)
Áhrif hlutdeildarféлага	10	45.900	39.542
Hagnaður fyrir tekjuskatt		597.456	205.951
Tekjuskattur	6,16	(51.399)	651
Hagnaður ársins		<u>546.056</u>	<u>206.602</u>
Hagnaður á hlut	7	0,64	0,24

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	17.345.541	17.048.137
Eignarhlutir í dótturfélagi	9	885.483	810.162
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	10	369.917	340.645
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	10.871	10.871
Verðbréfaeign	12	5.762	7.682
Fastafjármunir samtals		<u>18.617.573</u>	<u>18.217.497</u>
Birgðir		220.193	237.654
Viðskiptakröfur	13	226.047	243.162
Kröfur á tengda aðila	19	249.667	54.098
Aðrar skammtímakröfur		4.642	6.327
Handbært fé	14	490.385	19.638
Veltufjármunir samtals		<u>1.190.934</u>	<u>560.879</u>
Eignir samtals		<u><u>19.808.507</u></u>	<u><u>18.778.376</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutafjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		3.503.488	3.759.021
Annað bundið eigið fé		414.747	306.583
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		(3.960)	(57)
Óráðstafað eigið fé		7.780.367	7.213.940
Eigið fé samtals	15	<u>12.809.529</u>	<u>12.394.375</u>
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	16	669.788	629.411
Vaxtaberandi langtímaskuldir	17	5.388.711	4.951.295
Langtímaskuldir samtals		<u>6.058.499</u>	<u>5.580.706</u>
Viðskiptaskuldir		232.747	237.268
Skuldir við tengda aðila	19	210.428	175.951
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	327.490	222.290
Tekjuskattur til greiðslu	16	11.022	0
Aðrar skammtímaskuldir		158.791	167.786
Skammtímaskuldir samtals		<u>940.478</u>	<u>803.295</u>
Skuldir samtals		<u>6.998.977</u>	<u>6.384.001</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>19.808.507</u></u>	<u><u>18.778.376</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Norðurorka hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Rangárvöllum á Akureyri. Starfsemi félagsins felst í vinnslu og sölu á heitu og köldu vatni, rekstri fráveitu og raforkudreifingu.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsreikningi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Hlutdeildarfélög er þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélaganna er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélögin eða fjármagnað þau.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2021. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru færð í efnahagsreikning á endurmetnu kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun ef við á. Hækkun bókfærðs verðs vegna endurmats er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetnu verði eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var framkvæmt í árslok 2018 af óháðum aðila. Samkvæmt endurmatsaðferð skal á uppgjörstigi kannað hvort vísbendingar séu um að verulegur munur sé á endurheimtanlegu virði og bókfærðu verði. Í árslok 2021 voru ekki vísbendingar um að svo væri.

e. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu árum.

f. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu árum.

g. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

Skýringar

h. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að fráreginni niðurfærslu.

i. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

k. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

l. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignanna metið.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanlegt virði eignar og fjárskapandi einingar er gangvirði þeirra eða rekstrarvirði, hvort sem hærra reynist. Rekstrarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

Framkvæmt var virðisrýrnunarpróf á varanlegum rekstrarfjármunum félagsins í árslok 2021 og var niðurstaðan sú að ekki væri um virðisrýrnun að ræða.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Skýringar

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2021	2020
Tekjur hitaveitukerfis	1.675.591	1.522.620
Tekjur vatnsveitukerfis	473.140	433.689
Tekjur rafveitukerfis	853.143	796.637
Tekjur fráveitukerfis	538.164	474.125
Aðrar tekjur	119.677	135.103
	<u>3.659.715</u>	<u>3.362.174</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	642.181	623.606
Mótframlag í lífeyrissjóði	87.214	82.984
Önnur launatengd gjöld	56.633	56.273
Annar starfsmannatengdur kostnaður	17.572	16.986
Kostnaðarverð eigin vinnu	(107.333)	(91.453)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>696.267</u>	<u>688.395</u>
Fjöldi ársverka	69,0	70,6
Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra	23.283	22.684

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur og arður	7.166	4.937
Vaxtagjöld og verðbætur	(391.996)	(315.530)
Gengismunur	42.854	(92.743)
Matsbreyting eignarhluta í félögum	0	(2.257)
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	(8.516)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(341.976)</u>	<u>(414.108)</u>

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2021	2020
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>597.456</u>	<u>205.951</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,00% 119.491	20,00% 41.190
Eignarhlutir í öðrum félögum	0,00% 0	0,22% 451
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	(4,06%) (24.244)	(3,58%) (7.376)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(7,47%) (44.659)	(16,96%) (34.920)
Aðrir liðir	0,14% 811	0,00% 4
Virkur tekjuskattur	<u>8,60% 51.399</u>	<u>(0,32%) (651)</u>

Skýringar

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár.

	2021	2020
Hagnaður ársins	546.056	206.602
Vegjð meðaltal hlutafjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	0,64	0,24

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitu- kerfi	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	12.264.701	3.573.836	4.488.805	4.759.548	3.233.156	28.320.046
Afskrifað samtals	(4.566.210)	(2.157.538)	(2.394.131)	(599.985)	(1.554.044)	(11.271.909)
Bókfært verð 1.1.2021	7.698.491	1.416.298	2.094.673	4.159.563	1.679.113	17.048.137
Keypt á árinu	449.093	181.285	241.920	117.897	121.736	1.111.931
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	0	(369)	(369)
Afskrifað á árinu	(328.923)	(91.503)	(131.913)	(124.404)	(137.416)	(814.159)
Bókfært verð 31.12.2021	7.818.661	1.506.080	2.204.680	4.153.056	1.663.064	17.345.541
Heildarverð 31.12.2021	12.713.794	3.755.121	4.730.724	4.877.445	3.347.510	29.424.594
Afskrifað samtals 31.12.2021	(4.895.133)	(2.249.041)	(2.526.045)	(724.389)	(1.684.446)	(12.079.054)
Bókfært verð 31.12.2021	7.818.661	1.506.080	2.204.680	4.153.056	1.663.064	17.345.541
Heildarverð 1.1.2020	11.521.134	3.454.273	4.456.172	4.406.562	3.047.674	26.885.815
Afskrifað samtals	(4.248.763)	(2.069.924)	(2.376.092)	(496.308)	(1.420.858)	(10.611.945)
Bókfært verð 1.1.2020	7.272.371	1.384.348	2.080.080	3.910.254	1.626.815	16.273.869
Keypt á árinu	743.567	121.568	128.451	352.986	200.603	1.547.175
Selt og aflagt á árinu	0	(1.800)	0	0	0	(1.800)
Afskrifað á árinu	(317.447)	(87.819)	(113.858)	(103.678)	(148.306)	(771.107)
Bókfært verð 31.12.2020	7.698.491	1.416.298	2.094.673	4.159.563	1.679.113	17.048.137
Heildarverð 31.12.2020	12.264.701	3.573.836	4.584.623	4.759.548	3.246.502	28.429.210
Afskrifað samtals 31.12.2020	(4.566.210)	(2.157.538)	(2.489.950)	(599.985)	(1.567.389)	(11.381.073)
Bókfært verð 31.12.2020	7.698.491	1.416.298	2.094.673	4.159.563	1.679.113	17.048.137
Afskriftarhlutföll	2,5 - 5 %	2,5 - 6 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	17 - 40 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum félagsins. Samkvæmt endurmatsaðferð skal á uppgjörstegi kannað hvort vísbendingar séu um að verulegur munur sé á endurheimtanlegu virði og bókfærðu verði. Í árslok 2021 voru ekki vísbendingar um að svo væri.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar voru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Bókfært verð veitukerfa án endurmats nam í árslok kr. 11.875,3 millj. og annarra eigna kr. 1.403,5 millj.

Fasteignamat og váttryggingarverð

Váttryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð í árslok nam eftirtöldum fjárhæðum:

Váttryggingarverð veitukerfa	48.830.704
Bókfært verð veitukerfa	15.682.477
Váttryggingarverð fasteigna	3.688.653
Fasteignamat fasteigna	1.697.045
Fasteignamat lóða	434.932
Bókfært verð fasteigna	1.241.650
Váttryggingarverð lausafjármuna	311.302
Bókfært verð lausafjármuna	421.414

Veðsetningar

Fasteignir félagsins að Rangárvöllum eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 329,6 millj.

9. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið átti í árslok 2021 allt hlutafé í dótturfélaginu Fallorku ehf., Rangárvöllum Akureyri. Nafnverð eignarhlutarins nam kr. 314,5 millj. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins nam kr. 75,3 millj. samkvæmt rekstrarreikningi þess og bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2021 nam kr. 885,5 millj.

Félagið átti í árslok 2021, allt hlutafé í Vistorku ehf., Rangárvöllum Akureyri, og Orkey ehf., Njarðarnesi 10 Akureyri. Með vísan til 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, eru þau félög utan samstæðureiknings þar sem þau hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra. Eignarhlutirnir eru færðir meðal eignarhluta í öðrum félögum.

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	50.928	71.321	13.058
Tengir hf., Akureyri	38,41%	115.233	298.596	32.842
			<u>369.917</u>	<u>45.900</u>

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri	6,37%	3.846	0
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri	48,75%	16.331	0
Íslensk orka ehf., Akureyri	36,26%	2.108	0
Netorka hf., Hafnarfirði	7,73%	770	6.864
Orkey ehf., Akureyri	100,00%	3.500	3.500
Vaðlaböð ehf., Akureyri	33,33%	2.000	0
Vistorka ehf., Akureyri	100,00%	16.000	500
Aðrir eignarhlutir		8	8
Bókfært verð í árslok			<u>10.871</u>

Skýringar

12. Verðbréfaeign

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjalddagi bréfsins árið 2024.

13. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	233.047	252.162
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(7.000)	(9.000)
	<u>226.047</u>	<u>243.162</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	9.000	10.100
Tapaðar kröfur á árinu	(1.824)	(1.196)
(Tekjufærð) gjaldfærð niðurfærsla á árinu	(176)	96
Niðurfærsla í árslok	<u>7.000</u>	<u>9.000</u>

14. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Sjóður og bankainnstæður	288.995	19.638
Markaðsverðbréf	201.391	0
Handbært fé samtals	<u>490.385</u>	<u>19.638</u>

15. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi.

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	846.662	268.225	4.015.760	6.901.471	274.020	12.306.138
Arður til hluthafa				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats			(256.739)	256.739		0
Gengismunur v þýðingar					8.634	8.634
Hlutdeildartekjur				(23.872)	23.872	0
Hagnaður ársins				206.602		206.602
Eigið fé 31.12.2020	846.662	268.225	3.759.021	7.213.940	306.526	12.394.375
Arður til hluthafa				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats			(255.533)	255.533		0
Gengismunur v þýðingar					(3.902)	(3.902)
Hlutdeildartekjur				(108.164)	108.164	0
Hagnaður ársins				546.056		546.056
Eigið fé 31.12.2021	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>3.503.488</u>	<u>7.780.367</u>	<u>410.787</u>	<u>12.809.529</u>

Skýringar

15. Eigið fé (frh.)

Annað eigið fé greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Annað bundið eigið fé	414.747	306.583
Þýðingarmunur	(3.960)	(57)
	<u>410.787</u>	<u>306.526</u>

16. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	629.411	630.062
Reiknaður tekjuskattur ársins	51.399	(651)
Tekjuskattur til greiðslu	(11.022)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>669.788</u>	<u>629.411</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	667.125	652.341
Birgðir	2.202	2.377
Viðskiptakröfur	930	722
Frestaður gengismunur	(469)	(12.815)
Yfirfæranlegt tap	0	(13.214)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>669.788</u>	<u>629.411</u>

17. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR	740.450	783.100
	<u>740.450</u>	<u>783.100</u>
Skuldir í íslenskum krónum	4.975.751	4.390.486
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	5.716.201	5.173.586
Næsta árs afborganir	(327.490)	(222.290)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>5.388.711</u>	<u>4.951.295</u>

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	-	222.290
Árið 2022	327.490	289.568
Árið 2023	335.545	296.978
Árið 2024	317.591	279.577
Árið 2025	297.784	260.406
Árið 2026	303.951	-
Síðar	4.133.840	3.824.767
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>5.716.201</u>	<u>5.173.586</u>

18. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2021 nam kr. 6,4 millj. (2020: kr. 4,0 millj.) þar af kr. 3,9 millj. (2020: kr. 3,0 millj.) vegna endurskoðunar.

Skýringar

19. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru einnig: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2021	2020
Sala á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	302.500	249.453
Aðrir hluthafar	28.238	18.778
Dótturfélag	26.625	24.970
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	8.458	7.687
	<u>365.821</u>	<u>300.887</u>
Kaup á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	112.408	84.181
Aðrir hluthafar	17.638	2.512
Dótturfélag	144.875	155.528
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	22.259	30.424
	<u>297.179</u>	<u>272.645</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2021		31.12.2020	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	236.445	(12.102)	43.305	(6.234)
Aðrir hluthafar	7.620	(14.127)	4.391	(1.102)
Dótturfélag	3.991	(183.700)	3.171	(168.616)
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	1.611	(500)	3.231	0
	<u>249.667</u>	<u>(210.428)</u>	<u>54.098</u>	<u>(175.951)</u>
Skuldabréfaeign:			31.12.2021	31.12.2020
Hlutdeildarfélög			5.762	7.682

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 1,8 millj. og frá hlutdeildarfélögu að fjárhæð kr. 0,1 millj. Þá greiddi Norðurorka hf. dótturfélagi sínu vexti að fjárhæð kr. 1,5 millj.

20. Rannsókn Samkeppnieftirlitsins

Samkeppnieftirlitið hefur til rannsóknar samkeppnisaðstæður á raforkumarkaði og mögulegar aðgangshindranir á markaði fyrir smásölu raforku. Stjórnendur félagsins telja að það fari að lögum og reglum í starfsemi sinni og ekkert í henni fari á skjön við gildandi samkeppnislög.

Skýringar

21. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2021	2020
EBITDA	1.632.369	1.354.284
Veltufjárlutfall	1,27	0,70
Eiginfjárlutfall	64,7%	66,0%
Arðsemi eigin fjár	4,33%	1,67%
Innra virði	15,13	14,64